

Ed.

251. Frumvarp til laga

[85. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. jan.)

Samhljóða þskj. 87 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr vixlgangi kaupgjalds og verðlags skal að því er varðar tímabilið 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52 gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.